

Sjálfsmatsskýrsla

Menntaskólans við Hamrahlíð

2006



Efnisyfirlit:	
1. Inngangur	4
2. Lýsing á starfsemi skólans	6
2.1 Hlutverk	6
2.2. Stefnuskra Menntaskólans við Hamrahlíð	6
Hlutverk	6
Markmið	6
Leiðarljós	6
Vörður	7
2.3 Umfang árið 2006	8
Nemendur	8
Starfsfólk	8
Húsnæði	8
Kennarar	9
Kennslustundir og áfangar	9
Fjármál	10
3. Rammi um sjálfsmat MH	11
Tilgangur	11
Tilurð	11
Stjórnun vinnu að sjálfsmati	11
Ramar og tímaviðmið	11
Skýrslur	12
4. Sjálfsmat árið 2006	13
4.1 Greining tölfraðilegra gagna	13
Nemendur dagskóla	15
Kennslustundir og áfangar dagskóla	21
Kennslustundir og áfangar öldungadeildar	23
Einkunnalistar, samanburður milli anna, umsagnir deilda	25
Meðalfjöldi eininga á önn	27
Mætingar nemenda	28
4.2 Kannanir	30
Kennslukönnun (áfangamat)	30
Viðhorf kennara til sjálfsmats	30
Könnun á vinnu nýnema með námi	34
4.3 Áhersluverkefni	34
Námsleið og stoðkerfi fyrir nýbúa við upphaf náms	34
Listnám	35
Notkun upplýsingatækni í námi, kennslu og stjórnsýslu	35
Endurmenntun	36
5. Svót greining	36
Sterkar hliðar	36
Veikar hliðar	36
Ógnanir	37
Tækifæri	37
6. Samantekt og umbótaáætlun	37

Það sem helst liggur fyrir á árinu 2007:	37
7. Lokaorð	38
8. Viðaukar	39
Tímaás, matsáætlun 2003 til 2007	39
Verklýsingar.....	39
Sjálfsmatsteymi.....	39

1. Inngangur

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans. Megintilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum og vera þannig eðlilegur hluti af starfs- og þróunaráætlunum. Með lögum um framhaldsskóla frá 1996 var skólum gert að stunda sjálfsmat á kerfisbundinn hátt. Formleg sjálfsmatsáætlun skólans var samþykkt árið 2003 og sama ár gerði KPMG úttekt á sjálfsmatskerfi skólans fyrir hönd menntamálaráðuneytis. Í þeirri úttekt kom fram að sjálfsmatskerfið teldist ekki fram til þess tíma formlegt, lýsandi, greinandi og opinbert skv. viðmiðum menntamálaráðuneytisins en að það teldist að öðru leyti fullnægjandi m.t.t. þessara viðmiða. Frá árinu 2003 hafa flestir þættir skólastarfsins verið skoðaðir og unnar sjálfsmatsskýrslur fyrir hvert ár. Skýrslurnar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Frá árinu 2000 hefur skólinn verið í samvinnuverkefni um sjálfsmat undir stjórn Penelope Lisi, prófessors við fylkisháskólann í Connecticut í BNA og Sigurlínu Davíðsdóttur lektors við HÍ. Verkefnið hefur falist í því að nýta sér menningu skólanna við að móta sjálfsmatsaðferðir sem hæfa hverjum skóla fyrir sig og byggja á því að styrkja starfsmenn skólans til þess að verða færir í að setja upp og framkvæma sjálfsmat. Þessi leið að sjálfsmati er kölluð valdeflingarleið (empowerment evaluation) og stór þáttur í henni er að starfsmennirnir fái tækifæri til þess að móta aðferðir við matið sem gefi góða mynd af því sem gert er um leið og það nýtist þeim við að bæta starfið jafnt og þétt. Í skólanum er rík hefð fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum og að starfsmenn séu virkir þátttakendur í mótun skólastarfsins. Sjálfsmatið hefur því einnig mótast af rökræðulýðræði (deliberate democratic evaluation). Allt starfið er síðan unnið í anda leiðsagnarmats (formative evaluation) þar sem matsferlið og niðurstöður eru nýttar til þess að bæta starfið jafnt og þétt. Í þessum anda hefur verið unnið undanfarin ár og einnig reynt að hafa í huga að færast ekki of mikið í fang á hverju ári.

Í stofnanasamningi skólans við félagsmenn KÍ frá vori 2006, kennara, stjórnendur og námsráðgjafa, eru tvær greinar sem kveða á um störf að sjálfsmati. Sú fyrri er í kafla 5 um reglubundin störf og hljóðar svo:

gr. 5.2.9

Fyrir árangur og frammistöðu við að efla kennslu og bæta árangur nemenda.

Til grundvallar verða markmið áætlunar sem hver og einn setur sér þannig að launahækkun/launaþróun skv. þessu ákvæði verður háð mati.

Fyrsta áætlunin verði unnin fyrir veturinn 2006 – 2007 og metin í mars 2007.

Endurmat verði árlega eftir það.

(Nánari ákvæði og reglur verða settar vorið 2006 og við endurskoðun samningsins)

Þarna er kveðið á um einstaklingsbundin verkefni eða starfendarannsóknir. Seinni greinin er í kafla 6 um laun fyrir sérgreind verkefni greidd með álagi eða tímamæld og hljóðar svo:

gr. 6.6 Sjálfsmat

Kennari eða teymi kennara sem vinnur að sérgreindu verkefni sem lýtur að sjálfsmati fær greitt fyrir þá vinnu í formi launabreps, yfirvinnustunda eða kennsluafsláttar eftir eðli verkefnisins og nánara samkomulagi. Leitast verði við að afmarka tíma fyrir slíkt innan stundaskrár. (Samstarfsnefnd 2006)

Á haustönn 2006 voru sett af stað verkefni í tengslum við þessar greinar stofnanasamnings og lýkur fyrsta hluta á árinu 2007 og verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum í skýrslu þess árs.

Í skýrslu um sjálfsmat í Menntaskólanum við Hamrahlíð er greint frá markmiðum og fyrirkomulagi skólastarfs, ramma um sjálfsmat og vinnu við sjálfsmat á skólaárinu 2006. Sjálfsmatið er unnið á grunni samþykkrar stefnumörkunar skólastjórnenda og kennara. Gerð hefur verið gróf áætlun að starfi næstu ára þar sem gerð er grein fyrir þeim þáttum sem áætlað er að taka fyrir á hverju ári til ársins 2007 (sjá fylgiskjal 1). Skýrsla þessi er tekin saman af konrektor sem jafnframt er fulltrúi rektors í sjálfsmatsteymi skólans.

Fyrir hönd sjálfsmatshóps

Sigurborg Matthíasdóttir

2. Lýsing á starfsemi skólans

2.1 Hlutverk

Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli í Reykjavík og starfar skv. *Lögum um framhaldsskóla nr. 80 frá 1996*. Í lögunum segir m.a.:

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendum undir störf í atvinnulífinu og frekara nám. Framhaldsskólinn skal leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, hjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til stöðugrar þekkingarleitar.

Hlutverk skólans er samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum óbundins áfangakerfis. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. *Aðalnámskrá 1999*, félagsfræðabraut, málabraut og náttúrufræðabraut og samkvæmt sérstakri námskrá *International Baccalaureate Organisation*, IB-nám (þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs).

2. 2. Stefnuskrá Menntaskólans við Hamrahlíð

Hlutverk

Menntaskólinn við Hamrahlíð er ríkisskóli sem starfar samkvæmt framhaldsskólalögum. Hlutverk skólans er að mennta nemendum til stúdentsprófs með áherslu á undirbúning fyrir nám í háskólum.

Markmið

Markmið Menntaskólans við Hamrahlíð er velgengni brautskráðra nemenda og að skólinn sé fyrirmynd um framsækna kennslu, góða stjórnsýslu og rækt við menningu og listir.

Leiðarljós

Í Menntaskólanum við Hamrahlíð eru ólíkar þarfir einstaklinga virtar og gengið er út frá vilja nemenda til að axla ábyrgð. Áhersla er lögð á fjölbreytni í valhluta námsins og kappkostað er

að kynna nemendum vinnubrögð sem tíðkast í háskólanámi.

Vörður

Á næstu árum verður lögð sérstök áhersla á

- að höfða til áhugasamra nemenda hvaðanæva að,
- að koma til móts við góða námsmenn,
- að þróa námsleið og stoðkerfi fyrir nýbúa við upphaf náms,
- að efla listnám,
- að vera í forystu um notkun upplýsingatækni í námi, kennslu og stjórnsýslu,
- að nýta dreifnám til að auka námsframboð, tölvulæsi og sjálfstæð vinnubrögð,
- að stuðla að samskiptum sem einkennast af virðingu og náungakærleik,
- að efla ráðgjöf um námsval,
- að bera kennsl á dyslexíu og veita viðkomandi nemendum tiltækan stuðning,
- að auka stuðning og aðhald við öldungadeildarnemendur,
- að standa fyrir virkri og markmiðatengdri endurmenntun,
- að auka við og endurbæta kennslu- og vinnuaðstöðu,
- að efla alhliða forvarnir og heilsuvernd,
- að semja jafnréttisáætlun og hrinda henni í framkvæmd,
- að efla umhverfisvitund,
- að nýta sjálfsmat í þágu umbóta,
- að auka samstarf við aðra skóla.

Um hvert atriði er gert ráð fyrir að til sé skrifleg áætlun um aðgerðir. Þær áætlanir má líta á sem fylgiskjöl stefnuskrárinnar og tryggingu fyrir framgangi hennar. Ekki var gert ráð fyrir að vinna markvisst að öllum atriðum vörðukaflans árið 2003, þar sem að um áætlun til næstu ára er að ræða.

2.3 Umfang árið 2006

Nemendur

Nemendafjöldi í dagskóla var á vorönn 1010 og á haustönn 1090. Nemendafjöldi í öldungadeild var 254 á vorönn og 260 á haustönn.

Útskrifaðir stúdentar voru 270 og innritaðir nýnemar í dagskóla 390. Í dagskóla eru konur 57% nemenda og hefur konum fjölgað um 1% undanfarin tvö ár.

Að jafnaði er um helmingur nemenda dagskóla lögráða og 65% nemenda með lögheimili í Reykjavík. Flestir nemendur dagskóla eru á náttúrufræðabraut. Skipting á námsbrautir er lítið breytt frá fyrra ári en málabrautin virðist vera að styrkjast ef miðað er við undanfarin fjögur ár. Nánar verður fjallað um breytingar á nemendahópum dagskóla og öldungadeildar í kafla 4.1.

Starfsfólk

Við skólann starfa 80 – 90 kennarar á hvorri önn, 3 yfirstjórnendur, 1 fjármálastjóri, 8 deildarstjórar (sem jafnframt eru kennarar) þar af 6 fagdeildarstjórar, 1 öldungadeildarstjóri og 1 deildarstjóri IB náms, 3 námsráðgjafar þar af 1 sem einnig er kennslustjóri fatlaðra, 1 hjúkrunarfræðingur í hálfu starfi sem einnig gegnir hlutverki forvarnarfulltrúa, 2 bókasafnsfræðingar, 2 skrifstofukonur, 2 kerfisstjórar, 1 tækja- og ljósritunarstjóri, 2 húsverðir og 10 – 12 ræstitæknar. Heildarfjöldi starfsmanna er um 125.

Húsnæði

Skólahúsnæðið er í heild 7194 fermetrar. Í skólanum eru 33 kennslustofur, 2 stór rými með borðum fyrir nemendur, hátíðarsalur, skrifstofur og bókasafn. Skólinn er opinn 11 mánuði á ári en kennsla fer fram í 9 mánuði frá lokum ágústmánaðar til loka maímánaðar. Skólaárið skiptist í tvær annir. Haustönn sem lýkur með prófum í desemberlok og vorönn sem lýkur með prófum í maílok. Kennsluvikur á hvorri önn eru u.þ.b. 14½ vika og reynt að hafa annirnar sem jafnastar. Skólinn er þétt setinn og ágætlega tækjum búinn. Á bókasafni skólans eru um 11 þús. bókatitlar, fjöldi myndbanda og geisladiska og í áskrift eru 22 tímarit. Á bókasafninu eru einnig vinnuborð og lessalur fyrir nemendur. Nemendur hafa aðgang að tölvum á bókasafni og á opnum vinnusvæðum í skólanum auk þess sem lögð er áhersla á að

fartölvur skólans séu nýttar af nemendum í kennslustundum. Verið er að byggja nýtt húsnæði við skólann sem tekið verður í notkun á vorönn 2007.

Kennarar

Fjöldi kennara var að meðaltali 85 á árinu. Alls voru meðalstöðugildi í skólanum á árinu 120. Kennarar skólans eru upp til hópa vel menntaðir og rúmur helmingur þeirra er með aðra eða þriðju háskólaprófgráðu árið 2006. Nokkrir kennarar luku meistaranámi á árinu og nokkrir aðrir eru í meistaranámi. Allir fastráðnir kennarar eru með kennsluréttindi og einungis 1 til 2 stundakennarar sem kenna 6 kennslustundir eru án réttinda vegna sérhæfðra áfanga. Nánar verður fjallað um þróun og breytingar á kennarahópnum í kafla 4.1.

Kennslustundir og áfangar

Töflur hér fyrir neðan sýna yfirlit yfir kennda áfanga, fjölda hópa og kennslustunda annars vegar í dagskóla og hins vegar í öldungadeild.

Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda kenndra áfanga, hópa og kennslustunda í dagskóla

2006	vor			haust			Meðaltal ársins		
	áfangar	hópar	tímar	áfangar	hópar	tímar	áfangar	hópar	tímar
Deild									
Enska og Norðurlandamál.	30	50	278	30	48	272	30	49	275
Félagsfræðagreinar, líkamsrækt, kór og myndlist.	34	68	244	37	73	268	35,5	70,5	256
Íslenska og saga.	38	72	396	35	73	392	36,5	72,5	394
Raungreinar.	34	63	362	33	64	353	33,5	63,5	357,5
Stærðfræði, skák og bridds.	27	36	200	28	39	218	27,5	37,5	209
Franska, spænska, þýska, ítalska.	23	42	250	22	43	247	22,5	42,5	248,5
Samtals	186	331	1730	185	340	1750	186	331	1730

Heildarfjöldi kennslustunda í dagskóla, samkvæmt kennsluskiptingu, var 1735 á vorönn og 1758 á haustönn.

Tafla 2. Yfirlit yfir fjölda kenndra áfanga, hópa og kennslustunda í öldungadeild

2006	vor			haust			vor		
Deild	áfangar	hópar	tímar	áfangar	hópar	tímar	áfangar	hópar	tímar
Enska og Norðurlandamál.	4	4	11	4	4	12	4	4	11,5
Félagsfræðagreinar, líkamsrækt, kór og myndlist.	3	3	9	4	4	12	3,5	3,5	10,5
Íslenska og saga.	8	8	23	10	9	26	9	8,5	24,5
Raungreinar.	3	3	9	4	4	12	3,5	3,5	10,5
Stærðfræði, skák og bridds.	5	5	13	2	2	6	3,5	3,5	9,5
Franska, spænska, þýska, ítalska.	9	9	26	10	9	24	9,5	9	25
Samtals	32	32	91	34	32	95	33	32	93

Heildar fjöldi kennslustunda í öldungadeild var 91 á vorönn og 95 á haustönn.

Nánar verður fjallað um þróun og breytingar á fjölda áfanga, hópa og kennslu í báðum deildum í kafla 4.1.

Fjármál

Fjárveitingar á fjárlögum til skólans á árinu námu 586,7 millj. kr. Vegna nemendauppgjörs, húsaleigu vegna nýbyggingar, forfalla og námsleyfa fekk skólinn viðbótarfjárveitingar samtals 25,1 millj. kr. Nam endanleg fjárheimild til skólans 611,8 millj. kr. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum námu samtals 629,2 millj. kr. Fjárhagsáætlun skólans raskaðist lítillega á árinu vegna þess að ákveðið var á miðju ári (að ósk menntamálaráðuneytisins) að bæta við nemendum frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir en í uppgjöri annarinnar varð ekki samsvarandi aukning í nemendaígildum. Aukinn kostnaður á haustönn fólst meðal annars í því að ýmiss útlagður kostnaður vegna nýbyggingar var inni í reikningum haustannar. Við það lækkuðu yfirfæranleg rekstargjöld fyrri ára úr 60,3 milljónum í 42,9 milljónir. Á árinu varð 17,4 millj. kr. halli af rekstri skólans. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir skólans 64,2 millj. kr. og eigið fé var 49,9 millj. kr. Hluti af uppsöfnuðum rekstarafgangi var því nýttur til þess að endurnýja ýmsan búnað og til þess að standa straum af ófyrirséðum útgjöldum eins og gert hafði verið ráð fyrir í fjárhagsáætlun skólans.

3. Rammi um sjálfsmat MH

Tilgangur

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans. Megintilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum og vera þannig eðlilegur hluti af starfs – og þróunaráætlunum.

Tilurð

Sjálfsmatskerfi Menntaskólans við Hamrahlíð er þróað af stjórnendum og starfsfólki skólans. Það er að verulegum hluta sprottið úr samantekt fjölmargra reglulegra athugana sem felldar hafa verið í eina heild með hliðsjón af viðmiðum menntamálaráðuneytisins um sjálfsmat. Á undanförunum tveimur árum hefur verið unnið að gerð heildarskipulags sjálfsmats í skólanum. Að þeirri vinnu hefur komið hópur 10 til 12 kennara og stjórnenda skólans.

Stjórnun vinnu að sjálfsmati

Sérstakt teymi ber yfirábyrgð á framkvæmd sjálfsmatsins hverju sinni, skiptir verkum og stýrir framvindunni í samræmi við vinnuferla sem hlotið hafa samþykki hlutaðeigandi. Teymið er valið til allt að þriggja ára í senn; rektor velur einn fulltrúa og a.m.k tveir skulu valdir á kennarafundi. Meðal annars gerir teymið áætlun árlega um breytilegar kannanir, rýnihópa og ofl. sem ekki er niðurneglt í langtímaáætlun. Teymið kynnir áætlunina og fylgir henni eftir.

Rammar og tímaviðmið

Valið skal í sjálfsmatsteymið eigi síðar en í nóvember það ár sem starfstími fyrra teymis rennur út. Heildaráætlun ásamt fullunninni tillögu fyrsta ársins skal lögð fram eigi síðar en 15. febrúar fyrsta starfsárið.

Meginstoðir áætlunarinnar eru sem hér greinir:

- Á hverjum þremur árum skal fara a.m.k. einn hring í kennslukönnun (áfangamati). Önnina eftir að deild (greinaflokkur) er í mati skal deildarfundur efna til umræðu um niðurstöður og leitast við að taka afstöðu til þeirra eða draga af þeim lærdóm. Greinargerð deildar fer til teymis eða undirhóps.

- Á hverjum þremur árum skal fara hring í þjónustukönnun (skrifstofa, námsráðgjöf, bókasafn o.fl.).
Önnina á eftir skal rektor funda um niðurstöður með viðkomandi.
- Á hverjum þremur árum skal farinn hringur í starfsmannaviðtölum.
- Á hverjum þremur árum skulu yfirstjórnendur undirgangast einhvers konar mat á störfum sínum (þetta mat getur verið blanda af innra og ytra mati).
- Á hverju ári skal taka saman tölfræði um valin atriði, hin sömu frá ári til árs. Sjálfsmatsteymi gerir í sinni árlegu áætlun tillögu um ný atriði ef þurfa þykir. Tölfræðin skal rædd á fyrirfram skilgreindum vettvangi.
- Á hverju ári skal efna til rýnihópa um valin efni (eftir atvikum ólík frá ári til árs) s.s. móttöku nýnema, stundvísi, skólasókn ofl.
- Á hverju ári skal farið yfir formlega ársáætlun skólans og metið hvernig til tókst með viðeigandi skýringum.
- Á hverju ári skal gera tiltekna fastar kannanir í samræmi við tímaás heildaráætlunar. Um framkvæmd og úrvinnslu fer skv. almennu ferli sem kveður á um einstök atriði s.s. hverjir útbúa könnun, til hverra tekur hún, hvaða gagnavinnsla er áætluð og hvert niðurstöður fara.
- Á hverju ári skulu gerðar breytilegar kannanir (um efni sem eru á döfinni í skólanum) skv. samþykktum sjálfsmatsteymis.

Skýrslur

Gera skal formlega skýrslu um sjálfsmat eftir hvert ár. Hún skal að hluta eða öllu leyti birt með ársskýrslu skólans (er hluti af henni), vera starfsfólki aðgengileg og birt á vef skólans. Sjálfsmatsteymi hlutast til um ritun skýrslunnar í samráði við rektor. Stýrihópur í sjálfsmati er skipaður Lovísu Kristjánsdóttur dönskukennara, Pálma Magnússyni sögukennara og Sigurborgu Matthíasdóttur konrektor.

Áætlun um sjálfsmat á næstu árum má sjá í fylgiskjali 1.

4. Sjálfsmat árið 2006


4.1 Greining tölfraeðilegra gagna

Að venju voru framkvæmdar ýmsar gagnagreiningar á árinu. Niðurstöður gagnagreininga eru nýttar af skólastjórnendum við skipulag skólstarfs og/eða sendar deildum til umfjöllunar.

Kennarar


Stefna skólans er að vera með vel menntaða kennara í vinnu. Að þessari stefnu hefur verið unnið með því að annars vegar að auglýsa eftir og ráða vel menntaða kennara til starfa og hins vegar með því að hvetja og styrkja starfandi kennara skólans til framhalds- og endurmenntunar.

Próunin síðustu ár er í takt við þessar áherslur og hefur kennurum með meistarpróf fjölgað umtalsvert undanfarin ár samanber mynd 1.



Mynd 1. Menntun kennara MH

Þegar menntun kennar í MH er borin saman við menntun starfsfólks við kennslu á landinu öllu sést að skólinn stendur mjög vel að vígi (mynd 2).



Mynd 2. Menntun starfsmanna við kennslu 2005/2006


Auk þess að vera með hátt hlutfall kennara sem hafa lokið annarri eða þriðju prófgráðu eru sex til 8 fastráðnir kennarar í meistaranámi, með kennslu, og tveir aðrir eru í námsorlofi. Kennarar eru einnig duglegir að sækja styttri námskeið á vegum endurmenntunarstofnunar HÍ eða í samvinnu við fagfélög.

Starfmannafélag MH og stjórnendur stóðu að námsferð til Barcelona á Spáni þar sem skólar, mennta- og menningarstofnanir voru heimsóttar auk þess sem starfsfólkið gerði sér dagamun. Mjög góð þátttaka var meðal starfsfólks og meirihluti kennara tók þátt. Þátttkendur skiluðu matsblaði til ferðanefndar að lokinni ferð og í heild var matið mjög jákvætt.

Skólinn styrkir kennara og annað starfsfólk til endurmenntunar. Úthlutunarreglum var breytt á árinu þannig að nú getur starfsfólk fengið allt að 60.000 kr. á hverjum þremur árum. Árið 2006 fengu 28 starfsmenn úthlutað úr sjóðnum alls 1.112.939 kr. Þetta er mikil aukning frá árinu á undan sem skýrist m.a. af ferð skólans til Spánar á haustönn en 15 fengu styrki úr sjóðnum vegna þeirrar ferðar sem nam alls 606.529 kr. Styrkir til annarra námskeiða fóru til 11 einstaklinga og námu alls 506.410 kr. Samsvarandi styrkir árið 2005 námu 268.400 kr. og fóru til 11 einstaklinga. Starfsfólk nýtir því styrki endurmenntunarsjóðinn ágætlega.

Kynjaskipting meðal kennara skólans er karlkyninu í óhag eins og verið hefur undanfarin ár en einungis 31% kennara eru karlar og hefur þá körlum fækkað um 7% frá árinu 2004. Við

nánari skoðun sést að í öllum deildum utan stærðfræði (þar sem einnig er kennd tölvufræði og skák) eru konur fleiri en karlar.




Mynd 3. Kynjahlutföll kennara í fagdeildum

Stefna stjórnenda er að auka hlutfall karlkennara í þeim greinum þar sem þeir eru fæstir en einungis ef umsækjendur eru sambærilegir að öðru leyti. Því miður hefur þetta ekki leitt til fjölgunar undanfarin ár en vonandi unnið gegn meiri fækkun.


Nemendur dagskóla

Haustið 2006 var 326 nýnemum veitt skólavist eða u.þ.b. 60% umsækjenda það haust en það er aðeins lægra hlutfall en undanfarin haust. Eins og öll undanfarin ár fengum við margar umsóknir frá nemendum sem stóðu sig vel í bóklegum greinum grunnskóla. Mynd 4 sýnir að meðaleinkunnir nýnema á samræmdum prófum, í þremur kjarnagreinum eru vel yfir landsmeðaltali eins og þær hafa verið undanfarin ár.



Mynd 4. Samræmdar grunnskólaeinkunnir í íslensku, stærðfræði og ensku


Hingað sækir að jafnaði stór hópur nemenda með góða einkunn úr samræmdum grunnskólaprófum. Góð meðaleinkunn nýnema almennt þýðir ekki að allir nýnemar séu með háar einkunnir í öllum fögum eins og gefur að skilja og er dreifing einkunna í hverju fagi fyrir sig mjög misjöfn (mynd 5).



Mynd 5. Dreifing samræmdra einkunna hjá nýnemum haustið 2006


Á hverju ári eru einnig teknir inn nemendur í skólann sem ekki uppfylla öll skilyrði um lágmarkseinkunn á samræmdum prófum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi og stjórnendur telja líklegt að þeir nái að vinna upp þá kunnáttu sem á vantar.

Fjöldi umsókna nemenda alls staðar að af landinu með háa meðaleinkunn úr grunnskóla gefur til kynna að skólinn höfði mjög vel til duglegra nemenda og er það í góðu samræmi við stefnuskrá skólans.




Mynd 6. Samræmdar einkunnir nýnema haustið 2006 eftir lögheimili

Í inntökureglum skólans segir að allir sem hafi löglega búsetu á Íslandi eigi möguleika á skólavist að því gefnu að viðkomandi uppfylli inntökuskilyrði (sbr. reglugerð) en þar segir einnig að skólinn velji a.m.k. helming nemenda sinna á grundvelli röðunar eftir sömu einkunnum og skilgreina inntökuskilyrði. Þar fyrir utan er svo litið til ýmissa fleiri þátta meðal annars aldri og búsetu.




Mynd 7. Lögheimili dagskólanemenda haustin 2004 til 2006

Stelpur eru í meirihluta nemenda eða 57% og hefur þetta hlutfall haldist svipað undanfarnin ár. Nám í MH virðist höfða frekar til stelpna en stráka eins og reyndar virðist hafa verið þróunin undanfarna áratugi á hliðstæðum bóknámsbrautum annarra skóla (mynd 8).




Mynd 8. Skipting eftir kyni á bóknámsbrautir 1975 til 2005 (Tölur frá Hagstofu Íslands)

Rætt hefur verið um það innan skólans hvort æskilegt sé að reyna að jafna hlutfall kynjanna við innritun nýnema. Niðurstaða þeirra umræðna hefur hingað til verið að breyta ekki inntökureglum eða viðmiðum skólans að svo komnu máli heldur láta sömu viðmið gilda fyrir bæði kynin. Umræða um stöðu drengja í framhaldsskólum verður áfram á dagskrá. Hlutfall kynjanna meðal þeirra sem hljóta skólavist haustið 2006 endurspeglar vel hlutfall kynjanna í umsóknum (mynd 9).




Mynd 9. Umsóknir nýnema haustið 2006

Meðaleinkunn í samræmdum grunnskólaprófum haustið 2006 í íslensku, stærðfræði og ensku (skylda við innritun á allar brautir) er 7,38 hjá strákum en 7,41 hjá stelpum eða nánast sú sama hjá báðum kynjum. Þegar einkunnir í kjarnagreinum eru skoðaðar nánar kemur í ljós að stelpur eru aðeins hærrí í flestum greinum nema á samræmdum prófum í ensku og stærðfræði.




Mynd 10. Meðaleinkunnir nýnema haustið 2006 eftir kynjum

Nýnemar á náttúrufræðibraut eru með hæsta samanlagða meðaleinkunn eða 7,9 þeir eru einnig með jafnbestar meðaleinkunnir.




Mynd 11. Meðaleinkunnir nýnema eftir brautum

Flestir nemendur dagskóla eru á náttúrufræðibraut eða 44%, næst kemur félagsfræðibraut með 30%, síðan málabraut með 18% og IB braut með 8%. Skipting á námsbrautir er lítið breytt frá fyrra ári en málabrautin virðist vera að styrkjast en þar fjölgar um líðlega 2% milli ára. Flestir nemendur innritast á náttúrufræðibraut eða 45% , 26% á félagsfræðibraut og 18% málabraut. Helmingur innritaðra stráka velur náttúrufræðibraut, tæpur þriðjungur þeirra velur félagsfræðibraut en einungis 10% málabraut (mynd 12).




Mynd 12. Skipting nýnema á brautir

Þegar skoðuð er skipting allra nemenda skólans á brautir undanfarin þrjú ár sést að náttúrufræðibraut er lang fjölmennust með 45% nemenda.



Mynd 13. Skipting dagskólanemenda á brautir

Nemendum málabrautar hefur fjölgað á undanförunum þremur árum eftir að hafa verið í lægð og er það jákvætt. Þar sem ekki fækkar á félagsfræði- og náttúrufræðibraut virðist sem fjölgunin verði einkum vegna þess að fleiri nemendur taki tvær brautir og velji málabrautina sem annan kostinn. Þegar skoðaðar eru breytingar á aðsókn á bóknámsbrautirnar þrjár undanfarin 30 ár sést að með tilkomu félagsfræðabrauta fækkaði nemendum á mála- og raungreinabrautum (mynd 14.).




Mynd 14. Aðsókn á bóknámsbrautir allra framhaldsskóla árin 1975 til 2005 (Tölur frá Hagstofu Íslands)

Hlutfallslega hefur fækkunin verið mest á málabrautum en þar hefur fækkað um helming á þessum 30 árum, farið úr því að vera með 28% nemenda í 14%. Á sama tíma hefur fækkað um 8% á raungreinibrautum. Hér í Hamrahlíðinni hefur málabrautin heldur verið að sækja í sig veðrið undanfarin ár og eru nú 19% nemenda á brautinni.

Kennslustundir og áfangar dagskóla

Heildarfjöldi kennslustunda samkvæmt kennsluskiptingu var 1735 á vorönn og 1758 á haustönn. Meðal kennslustundafjöldi hefur aukist um 13% frá árinu 2003. Nemendum hefur fjölgað um 10% á þessu tímabili. Fjölgun kennslustunda hefur aukist aðeins meira en fjöldi nemenda í skólanum. Á mynd 15 sést hvernig þróunin hefur orðið í mismunandi fagdeildum.




Mynd 15. Breyting á kennslustundafjölda í fagdeildum dagskóla frá 2003 til 2006

Mest aukning hefur verið í deild þriðju mála og við nánari skoðun kemur í ljós að kennsla í frönsku hefur rúmlega tvöfaldast á þessum árum og einnig er kennsla í ítölsku og japönsku óvenju mikil á haustönn 2006. Athyglisvert er einnig að kennsla í íslensku, sögu, raungreinum og stærðfræði hefur ekki aukist í samræmi við aukinn fjölda nemenda. Í stærðfræði hefur kennslustundum fækkað um 1%. Hluti skýringarinnar er breytt námskrá en árið 2003 eru ennþá nemendur í dagskóla sem fylgja eldri námskrá, þar sem þessum fögum er gert hærra undir höfði í kjarna, en í námskrá frá árinu 1999. Skýringin liggur þó einnig í því að í þessum greinum varð breyting á kjarnaáföngunum sem gerði það að verkum að kenna þurfti

kjarnaáfangi samkvæmt eldri og yngri námskrám í nokkrar annir. Það var því verið að kenna samhlíða t.d. ÍSL403 og ÍSL4G3. Hópar þar sem kennt var samkvæmt eldri námskrá urðu sífellt minni og óhagkvæmari. Áhugavert gæti verið að gera könnun á því hvort nemendur útskrifist með svipaðan fjölda eininga í þessum fögum núna þegar nýja námskráin er komin í gagnið og var áður en hún var tekin upp.

Nemendur öldungadeildar

Árið 2006 voru nemendur deildarinnar 254 á vorönn en 200 á haustönn eða að meðaltali 227 á önn. Frá árinu 2003 hefur nemendum deildarinnar fækkað um 44%.




Mynd 16. Fjöldi nemenda í öldungadeild árin 2003 til 2006

Yfirleitt hafa fleiri nemendur innritast í öldungadeild á haustönn en á vorönn. Á því varð breyting síðasta haust þegar þó nokkuð færri innrituðust á haustönn en vorönn það ár (mynd 16). Ef skoðaðar eru tölur frá því lengra aftur í tímann sést að á haustönn 1996 eru innritaðir nemendur yfir 500. Miðað við það hefur orðið 60% fækkun á þessum tíu árum. Hvort að þetta er viðvarandi breyting er ekki ljóst en fækkun nemenda almennt í öldungadeild virðist vera staðreynd. Þessi breyting er þó ekki einskorðuð við öldungadeild MH heldur hefur nemendum í kvöldnámi fækkað í heildina á meðan fjarnámsnemendum fjölgar mikið.

Kennslustundir og áfangar öldungaeildar


Heildarfjöldi kennslustunda í öldungaeild var 91 á vorönn og 95 á haustönn. Þetta er fækkun um 30% frá árinu 2005 en þá var kenndur 131 tími á hvorri önn og að meðaltali 41% fækkun frá árinu 2003. Mynd 17 sýnir hvernig fækkunin kemur fram í fjölda kennslustunda í mismunandi fagdeildum frá árinu 2003 til 2006.



Mynd 17. Breyting kennslustundafjölda í fagdeildum í öldungaeild frá hausti 2003 til hausts 2006

Mest er fækkunin í kennslustundum í stærðfræði, raungreinum og félagsgreinum. Eina deildin þar sem kennslustundum fækkar ekki að ráði er deild þriðju tungumála.


Í sjálfsmati síðasta árs (Sjálfsmatsskýrsla 2005) var skoðuð hvernig aldursdreifing hefur breyst í kvöldskólum á Íslandi síðastliðin ár með tilkomu fjarnámsins. Þar kemur fram að nemendum undir 30 ára aldri hefur fækkað hlutfallslega í kvöldskólum en fjölgar að sama skapi í fjarnámi. Mynd 18 sýnir að sama þróun virðist vera í öldungaeild MH þar sem eldri nemendur eru orðnir fleiri en yngri árið 2006.



Mynd 18. Breytingar á aldurssamsetningu nemenda öldungadeildar 2004 til 2006

Þegar tölur frá Hagstofu Íslands eru skoðaðar sést að nemendum á framhaldsskólastigi, sem stunda nám utan hefðbundins dagskóla, fjölgar á landinu öllu. Fjölgunin er hins vegar öll í fjarnámi en fækkun hefur orðið á nemendum í kvöldskólum. Á mynd 19 má sjá hversu hraðar þessar breytingar hafa verið og hvernig fjarnámið eykst skyndilega upp úr árinu 2001.

Árið 2005 voru fleiri nemendur skráðir í fjarnám en kvöldskóla í fyrsta skipti síðan öldungadeild var fyrst starfrækt hér í MH fyrir 40 árum.



Mynd 19. Nemendur í kvöld- eða fjarnámi á Íslandi að hausti árin 1997 – 2006 (Tölur frá Hagstofu Íslands)

Þessar breytingar og sú staðreynd að nemendum öldungadeildar skólans fer stöðugt fækkandi hefur verið hvati að umræðum um stöðu öldungadeildarinnar meðal kennara og stjórnenda síðastliðin ár. Gerðar hafa verið breytingar á stundatöflu deildarinnar m.a. hefur kennsla hafist fyrir á daginn, tímastokkum hefur verið breytt, reynt hefur verið að dreifa áföngum jafnar og bjóða í auknum mæli upp á áfanga þar sem hluti námsins fer fram í kennsluumhverfi á netinu (dreifnám). En allt kemur fyrir ekki, nemendum heldur áfram að fækka og við það hefst vítahringur færri áfanga og enn meiri fækkunar. Ljóst er að ef fækkun nemenda heldur áfram verður að endurskoða starfsgrundvöll öldungadeildar.

Einkunnalistar, samanburður milli anna, umsagnir deilda

Að venju var deildum sent yfirlit yfir einkunnir, úrsagnir og mætingar á síðustu önnum og var fjallað um þessi gögn á fundum deilda.

Athugun íslenskudeildar á falli í byrjunaráfanga í íslensku haustið 2006.

Við skoðun á niðurstöðum prófa hjá íslenskudeild kom í ljós að árangur í byrjendaáfanga íslensku, ÍSL1036, var mun lakari á haustönn 2006 en undafarnar annir. Alls stóðust 52% nemenda lokamat áfangans. Úttekt íslenskukennara í kjölfarið er vel unnin og áhugaverð og var lögð áhersla á að greina hvaða námsþætti íslenskunámsins þeir nemendur, áttu í vandræðum með, sem féllu aðeins í íslensku eða féllu í einu fagi auk íslenskunnar.

Hér verða gefin nokkur dæmi um það sem fram kemur í skýrslu til stjórnenda og hvernig íslenskudeildin tekur á vandanum. Eins og sjá má á mynd 20 virðist helsta vandamál nemenda sem falla einungis í íslensku liggja í stafsetningu en rúmlega 30% þessa hóps falla einungis á þeim þætti. Einnig er athyglisvert hversu fáir nemendur falla eingöngu á lokaprófinu sjálfu (10%). Hins vegar eru 26% sem falla á öllum námsþáttum.



Mynd 20. Námsþættir nemenda sem einungis féllu í íslensku

Ákveðið var að ganga út frá því að ritunarþáttur áfangans gæfi til kynna hversu mikla alúð nemendur sýndu námi sínu. Ritunarþáttur áfangans gildir sem 35% af lokaeinkunn og nemendur þurfa að ástunda hann alla önnina. Út frá þeirri skilgreiningu og mynd 20 má því sjá að 64% þessa hóps sinnti náminu en 36% ekki. Þegar þeir sem sinntu námi vel eru skoðaðir sérstaklega kemur í ljós að 84% þeirra eiga í vandræðum með stafsetningu.




Mynd 21. Vandamál þeirra sem sinna námi sínu.

Á vorönn 2007 ákvað íslenskudeildin að reyna að koma til móts við augljósar þarfir þessara nemenda með nýju fyrirkomulagi í stafsetningarkennslu og prófafyrirkomulagi í tilraunaskyni. Fylgst verður með hvaða áhrif breytingarnar hafa á árangur nemenda á vor- og haustönn 2007.


Meðalfjöldi eininga á önn

Skólinn hefur á síðustu árum aukið möguleika duglegra nemenda til þess að ljúka fleiri en 18 einingum á önn með því að heimila þeim að bæta áföngum við stundatöflu sína eftir að töflugerð lýkur. Einnig geta duglegir nemendur nýtt sér hraðferðir, helst í byrjunaráföngum og tekið áfanga þar sem ekki er krafist mætingar í tíma (P-áfanga).



Mynd 22. Breytingar á meðaleiningafjölda nemenda í dagskóla árin 2000 – 2006

Eins og sést á mynd 22 hefur meðaleiningafjöldi sem nemendur eru skráðir í við upphaf annar aukist á undanförunum árum. Fjöldi eininga sem nemendur hafa gengið til prófs í hefur einnig aukist jafnt og þétt en minnkar aðeins árið 2006 samanborið við 2004 til 2005. Ef til vill erum við að nálgast hámarkið og sveiflur síðustu ára má ef til vill rekja til mismunandi árganga.




Mynd 23. Mismunur á meðaleiningafjölda árin 2000 – 2006

Nýtingin hefur einnig batnað undanfarin ár sem sést á því að æ fleiri einingum er skilað til prófs. Á tímabilinu 2000 til 2006 fór mismunurinn milli skráðra eininga og nýtttra úr 1,87 í 1,26 árið 2006. Bestur árangur náðist árið 2005 þegar einingar til prófs skiluðu sér sérstaklega vel og er stefnt að því að ná mismuninum aftur niður fyrir 1.

Mætingar nemenda

Dreifing mætingareinkunnna er mjög svipuð á vor- og haustönn. Þó má greina að fleiri nemendur virðast falla á mætingu eða hætta og fá einkunnina 3, á vorönn en á haustönn. Þetta kemur ekki á óvart þar sem nýnemar á vorönn eru blandaðri hópur yngri og eldri nemenda en nýnemar að hausti koma að megninu til beint úr grunnskóla.


Á haustönn 2004 tók ný regla um skólasókn gildi. Reglan um framhaldseinkunn gerir nemendum skylt að fá minnst 5 í skólasókn á hverri önn og minnst 6,5 að meðaltali eftir hvert skólaár. Áhrifa þessarar reglu virtist strax vera farið að gæta skólaárið 2004 til 2005 og 2005 til 2006 samanber mynd 24.



Mynd 24. Meðalmætingareinkunn árána 2003 og 2006

Mætingar nemenda virðast vera að batna í heildina og er það til bóta og því virðist nýja mætingarreglan gera tilætlað gagn.

En þó að meðaleinkunn hveurrar annar hækki er alveg greinilegt að mætingar á vorönn eru ekki eins góðar og mætingar á haustönn eins og sjá má á mynd 25.



Mynd 25. Breytingar á meðalmætingareinkunnum vor- og haustannir 2003 og 2006

Ýmsar tilgátur hafa verið settar fram um hvað valdi en ef skoðuð er meðaleinkunn nemendanna á fyrstu önn haustið 2005 sést að hún er 9,0 sem er einum heilum herra en meðaleinkunn þeirra vorið eftir þegar hún er 8,0.

4.2 Kannanir


Kennslukönnun (áfangamat)

Á árinu var framkvæmt áfangamat hjá faggreinakennurum íslensku, sögu, stærð- og tölvufræði og erlendra mála. Niðurstöður fóru til þeirra kennara og deilda sem matið beindist að og til rektors. Gögnin eru nýtt af deildum og einstökum kennurum og einnig í starfsmannaviðtölum. Leitast er við að fá fram umræður meðal kennara um niðurstöður áfangamats og annarra kannana sem fram fara undir umsjón sjálfsmatsteymis eða stjórnenda. Umræður fara fram á kennarafundum, deildafundum og milli einstakra kennara og stjórnenda. Áfangamatið er ætlað kennurum til aðstoðar við að meta stöðu sína og einnig fá deildarstjórar samanteknar niðurstöður fyrir sína deild eða fag. Rektor fær eintak af öllum könnunum og niðurstöðum þeirra. Í starfsmannaviðtölum kemur áfangamatið einnig til umræðu. Í allri vinnu að sjálfsmati er reynt að miða við að safna upplýsingum sem nýtast við að varpa skýrara ljósi á skólastarfið og getur nýst við umbótavinnu.

Viðhorf kennara til sjálfsmats


Vorið 2005 tóku kennarar skólans, ásamt kennurum fjögurra annara skóla, þátt í rannsókn sem laut að viðhorfi og störfum kennara að sjálfsmati. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í MA ritgerð vorið 2006 (*Sjálfsmat eflir fagmennsku, áhrif sjálfsmats á viðhorf kennara*, Sigurborg Matthíasdóttir).

Stjórnendur skólans fengu niðurstöðu varðandi kennara skólans og samanburð við hina skólana sem tóku þátt í rannsókninni. Í þeim niðurstöðum kemur fram að stærsti hluti kennara er jákvæður gagnvart sjálfsmati en tæp 70% þeirra telja að sjálfsmat sé farsæl leið til þess að bæta starfshætti skóla. Rúm 64% kennara MH eru sömu skoðunar og er því ekki hægt að segja annað en að þeir séu jákvæðir gagnvart sjálfsmati almennt þó svo þeir séu ekki eins jákvæðir og hópurinn í heild.




Mynd 26. Sjálfsmat og skólastarf

Rúm 60% kennara telja að tíma sem varið er til sjálfsmats sé vel varið. Einungis lítil hluti kennara er ósammála þessu viðhorfi og um þriðjungur tekur ekki afstöðu. Aðeins stærra hlutfall kennara MH er sammála þessu viðhorfi en hópurinn í heild eða um 64%. (mynd 27)



Mynd 27. Sjálfsmat og tími

Þegar spurt er hvort kennarar telji að umræða um sjálfsmat hafi haft bein áhrif á kennslu telur rúmur helmingur kennara að svo sé eða 54%. (mynd 28) Kennarar MH telja þessi áhrif meiri en hópurinn í heild.




Mynd 28. Umræða um sjálfsmat og kennslu

Kennarar eru almennt ekki á því að sjálfsmat þvælist fyrir mikilvægari störfum en 70% þeirra sem taka afstöðu telja það ekki raunina. Stór hluti kennara, eða 68%, tekur hins vegar ekki afstöðu þegar spurt er beint um hvort sjálfsmat hafi leitt til jákvæðra breytinga í skólanum síðastliðin tvö ár. Af þeim sem taka afstöðu er mikill meirihluti sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu. Athyglisvert er hversu margir taka ekki afstöðu til þessarar spurningar og að kennarar virðast eiga erfiðara með að sjá áhrifin til styttri tíma en lengri ef horft er til þess að þeir eru almennt jákvæðir í garð sjálfsmats.


Rúmur helmingur kennara telur að starf að sjálfsmati hafi aukið umræðu um fagleg mál meðal kennara og rúm 40% telja að niðurstöður úr viðhorfskönnunum hafi valdið breytingum á kennsluháttum þeirra. Almennt virðast kennarar skólans því vera jákvæðir gagnvart sjálfsmati og áhrifum þess á skólastarfið.

Í rannsókninni var einnig spurt um ýmislegt annað sem viðkemur starfi kennara. Þar sem er einna athyglisverðast er að lang stærsti hluti kennara ræðir um kennsluaðferðir og markmið kennslu við aðra kennara að minnsta kosti einu sinni í mánuði og að meira en helmingur ræðir um markmið skólastarfsins við aðra kennara reglulega. Hins vegar ræða þeir mun minna um þessi mál við stjórnendur eins og sjá má á mynd 29.



Mynd 29. Faglegar umræður


Stjórnendur og kennarar MH hafa lengi lagt áherslu á samvinnu kennara. Svör kennara sýna að hér er samvinna og að faglegar umræður eru algengar. Kennarar ræða greinilega oft saman og endurskoða kennsluaðferðir sínar en fram kemur að stærsti hluti þeirra prófar nýjar kennsluaðferðir og vinnur að þróunarverkefnum. (mynd 30)



Mynd 30. Faglega samvinna

Könnun á vinnu nýnema með námi

Í könnun námsráðgjafa skólans á heimanámi og vinnu nýnema kom í ljós að rúm 41% þeirra vinna með námi og að strákar vinna miklu frekar en stelpur.



Mynd 31. Vinna nýnema með námi

Þegar skoðað er hversu miklum tíma nýnema eyða í vinnu og heimanám í viku hverri kemur í ljós að um 73% þeirra telja sig verja 1 til 10 tímum í heimanám. Lítil munur virðist vera á tíma sem kynin eyða í heimanám almennt en greinilegt er að strákarnir vinna meira með námi og lengur. Þetta er heldur hærra hlutfall en kemur fram í rannsókninni Ungt fólk 2004, sem lögð var fyrir af Rannsóknum og greiningu, meðal allra framhaldsskólanema. Þar kemur fram að 22% stráka og 28% stúlkna vinna 1 til 9 klukkustundir á viku með námi. Í þeirri könnun kemur fram að um helmingur stúlkna vinnur með námi en rétt rúmur þriðjungur stráka. Áhugavert verður að sjá hvort þessar breytingar á vinnu nemenda sem koma fram hjá nýnemum MH eru almennar og hvort vinna nemenda með námi, og þá sérstaklega stráka, sé að aukast.

4.3 Áhersluverkefni

Námsleið og stoðkerfi fyrir nýbúa við upphaf náms

Haldið verður áfram þróun séráfanga í íslensku fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Nýbúum er beint í þessa áfanga. Leitast hefur verið við að koma á stoðkerfi sem hjálpar nýbúum að fóta sig bæði námslega og félagslega. Með það í huga var ráðinn kennari til þess

að hafa umsjón með þessum málum og til þess að vinna að stefnumótun á þessu sviði. Verkefnisstjóri í 50% starfi stýrir nú þessu starfi skólans og er það því orðið markvissara og skipulagðara en áður.

Listnám

Eitt af markmiðum skólans er að efla listnám. Í samræmi við það hefur skólinn verið í viðræðum við menntamálaráðuneytið um skýrari skilgreiningar á tónlistar- og listdansbrautum. Haustið 2006 var tekin upp listdansbraut til stúdentsprófs sem tilraunaverkefni í samvinnu við listdansskóla og menntamálaráðuneytið. Í lýsingu á brautinni er sagt:

Með námi á listdansbraut er lagður góður grunnur að framhaldsnámi í listdansi. Ennfremur getur brautin nýst sem undirbúningur fyrir fjölmargt annað nám á háskólastigi. Danshluti námsins fer fram utan við MH skv. þjónustusamningi við sérskóla. Að jafnaði stundar nemandi því bæði bóklegt og verklegt nám samtímis. Nemandi velur annaðhvort klassískan listdans eða nútímalistdans.

Með þessari braut er komið til móts við nemendur sem vilja ljúka námi til stúdentsprófs samhliða námi í listdansi.

Markmið um samvinnu um listdansnám er því komið vel á veg en ennþá hefur ráðuneytið ekki verið tilbúið til þess að taka aftur upp skilgreinda tónlistarbraut til stúdentsprófs. Hins vegar geta nemendur nýtt sér 28 einingar í tónlist inn í 140 einingar til stúdentsprófs (kjörsvið upp að 16 einingum og 12 einingar í frjálsum vali). Skólinn vinnur enn að því að skilgreina sérstaka tónlistarbraut eins og var áður en námskrá frá 1997 tók gildi.

Heildstætt nám í leiklist og myndlist er skv. nánari skilyrðum metið sem hluti af kjörsviðum félagsfræða-, mála- og náttúrufræðibrauta,

Notkun upplýsingatækni í námi, kennslu og stjórnsýslu

Áfram hefur verið haldið áfram uppbyggingu á tölvukerfi skólans og haldið hefur verið áfram að bjóða kennurum upp á námskeið um upplýsingatækni. Nemendur hafa mjög aukinn aðgang að tölvum í tímum en nú eru um 100 fartölvur til reiðu fyrir kennara að lána

nemendum í tímum. Kennarar hafa í auknum mæli tekið upp Angel dreifkennsluumhverfið í dagskóla og öldungadeild þar sem það er notað sem hluti af dreifnámi í 10 til 15 áföngum.

Endurmenntun

Áfram hefur verið boðið upp á námskeið tengd upplýsingatækni s.s. námskeið í notkun Angelkerfisins. Skólinn endurgreiðir einnig kennurum kostnað við námskeið sem þeir sækja að eigin frumkvæði. Úthlutanir úr endurmenntunarsjóði MH var árið 2002 kr. 324.100 en árið 2003 kr. 362.200 og árið 2006 213.168 kr. Kennarar hafa eitthvað sótt minna í sjóðinn árið 2006 en næstu tvö ár á undan. Ekki er ljóst hvaða ástæður liggja að baki t.d. hvort meira sé sótt til KÍ en áður en sjálfsagt að fylgjast með því hver þróunin verður á næstu árum.

5. Svót greining

Sterkar hliðar

Vel menntaðir, reyndir og áhugasamir kennarar

Fjölbreytt námsframboð

Mikill hluti nemenda með góðar einkunnir úr grunnskóla

Gott bókasafn

Góð námsráðgjöf

Lýðræðishefð í ákvarðanatöku er varða stefnumál skólans

Samhentir stjórnendur

Fagleg samvinna kennara

Jákvætt viðhorf til starfa að sjálfsmati

Veikar hliðar

Takmarkað húsnæði

Þröngur fjárrammi

Ekkert líkamsræktarhús

Mætingar nemenda

Nemendur eyða of litlum tíma í heimanám

Ógnanir

Breytingar á námskrá sem þrengja að frjálsum vali nemenda og þar með námsframboði

Kennarar dragist aftur úr öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum í launum

Vinna nemenda með námi

Minnkandi aðsókn í öldungadeild

Tækifæri

Fjölbreyttur bakgrunnur kennara

Gott orðspor skólans

Mikil aðsókn sterkra námsmanna

Bætt aðstaða til raungreina- og líkamsræktarkennslu

Stórbætt bókasafn

6. Samantekt og umbótaáætlun

Ágætlega hefur miðað í því að vinna stefnumálum skólans framgang. Áfram verður haldið á þeirri braut að vinna að markmiðum í stefnuskrá skólans. Ný markmið verði sett eftir því sem önnur eru uppfyllt.

Það sem helst liggur fyrir á árinu 2007:

- Fylgja eftir ákvæði um sjálfsmat í nýjum stofnanasamningi og auka starfendarannsóknir og sjálfsskoðun kennara.
- Vinna áfram að umhverfisstefnu skólans með það að markmiði að gera starfsemi hans umhverfisvænni og starfsmenn meira vakandi fyrir umhverfismálum. Setja á stofn virkan umhverfishóp og vinna að því að skólinn uppfylli skilyrði grænánaverkefnis.
- Vinna áfram að breyttum kennsluháttum sem leggja áherslu á sjálfstæð vinnubrögð nemenda og auka þann tíma sem þeir nýta til heimanáms.

- Skoða stöðu öldungadeildar í breyttu skólaumhverfi.
- Fylgja eftir endurskoðuðum mætingarreglum til þess að auka ábyrgð og yfirsýn nemenda yfir mætingar heils vetrar og gera stjórnendum kleift að beina eldri nemendum sem mæta illa, í öldungadeild skólans þar sem minni áhersla er lögð á mætingar. Gera þarf könnun á því hvernig nýju reglurnar reynast.
- Starfsfólk skólans haldi áfram að hafa áhrif á mótun nýrrar námskrá með það að markmiði að viðhalda fjölbreyttu námsvali nemenda og að námið verði áfram góður undirbúningur fyrir háskólanám. Áfram þarf að vinna að því að nám við MH verði ekki skert þegar áform um þriggja ára framhaldsskóla koma til framkvæmda.

7. Lokaorð

Öll starfsemi skólans miðar að því að gera góðan skóla enn betri. Starf að sjálfsmati í MH byggir á því að þeir sem eru á akrinum taki virkan þátt í að móta starfið og nauðsynlegar umbætur. Viðhorf kennara skólans til starfa að sjálfsmati eru jákvæð og þeir eru virkir í faglegru umræðu og sjálfsskoðun. Þessi sjálfsmatsskýrsla verður aldrei tæmandi úttekt á öllu starfi sem fram fer í skólanum og tengist sjálfsskoðun, sjálfsmati eða tilraunum kennara og annarra starfsmanna til þess að bæta starf skólans. Hins vegar gefur hún mynd af starfsemi skólans og sífældri viðleitni til þess að bæta skólastarfið. Öllum sem lagt hafa hönd á plóg er þakkað fyrir gott starf í þágu skólans.

8. Viðaukar

Eftirfarandi viðaukar fylgja skýrslunni:

Tímaás, matsáætlun 2003 til 2007

Verklýsingar

Sjálfsmatsteymi